Helgafellsskóli

Gerplustræti, 270 Mosfellsbær
Sími: 547-0600
www.helgafellsskoli.is
https://www.facebook.com/helgafellsskoli/

Velkomin í skólann

Helgafellsskóli

Í stuttu máli

Helgafellsskóli er samþættur leik- og grunnskóli og verður í framtíðinni fyrir börn á aldrinum tveggja til fimmtán ára. Veturinn 2021-22 verða yngstu börnin í skólanum tveggja ára og elstu börnin verða í 8. bekk. Helgafellsskóli er einn skóli með tveimur deildum, leikskóladeild og grunnskóladeild.

Leikskóladeildin er opin frá klukkan 7:30 til 16:30. Við biðjum foreldra að virða umsaminn vistunartíma, koma með og sækja börnin innan þess tíma.

Stjórnendur Helgafellsskóla

Deildarstjóri stoðþjónustu
Hlín Magnúsdóttir Njarðvík
hlin.magnusdottir.njardvik@mosmennt.is

Deildarstjóri grunnskóladeildar
Málfríður Bjarnadóttir
malfridur.bjarnadottir@mosmennt

Skólastjóri
Rósa Ingvarsdóttir
rosa.ingvarsdottir@mosmennt.is

Deildarstjóri leikskóladeildar
Sigríður Helga Sigurðardóttir
sigridur.helga.sigurdardottir@mosmennt.is

Deildarstjóri frístundar
Una Sighvatsdóttir
una.sighvatsdottir@mosmennt..is

Deildarstjóri grunnskóladeildar
Þórdís Eik Friðjónsdóttir
thordis.eik.fridthjofsdottir@mosmennt.is

Áhersluþættir í skólastarfinu

Grunnþættir menntunar

- Lýðræði og mannréttindi
- Sköpun
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Læsi
- Jafnrétti

Grunnþættirnir eiga sér stoð, hver með sínum hætti, í löggjöf fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. Grunnþættirnir fléttast inn í starfið á margvíslegan hátt.

Leikur að læra

Leikur að læra er kennsluaðferð þar sem börn læra í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt. Leikur að læra er hugsað út frá þörf barna til að leika og hreyfa sig og upplifa námsefnið í gegnum mismunandi skynfæri. Með því að nota kennsluaðferðina eykst úthald og einbeiting barna.

Vaxtarhugarfar

Við leggjum áherslu á að börn þrói með sér vaxtarhugarfar þar sem hæfni, þekking og færni er breytanleg, leggi maður sig fram. Ferlið sjálft skiptir meira máli en lokaútkoman. Þá skiptir máli að fagna áskorunum og sýna þrautseigju, þolinmæði og jákvæðni. Erfiðleikar, mistök og áskoranir eru tækifæri til að læra.

Verkefnamiðað nám

Börnin vinna að svokölluðum rannsóknarverkefnum þar sem þau tileinka sér mikilvæga þekkingu, skilning og lykilhæfni í gegnum sínar eigin rannsóknir. Börn fá tækifæri til að þróa eigin lausnir á raunverulegum vandamálum. Rannsóknarverkefni eru alltaf hópverkefni þar sem rík áhersla er lögð á gagnrýna hugsun, samskipti og samvinnu.

Snjallræði - hönnunarstund

Allir árgangar í skólanum fá tvær hönnunaráskoranir í mánuði, önnur er raunverulegt "vandamál" sem börnin vinna í sameiningu að því að finna lausn á og hin snýst um að hanna hlut sem þjónar fyrirfram ákveðnum tilgangi. Auk þess eru tvö stór samræmd verkefnamiðuð verkefni unnin í öllum árgöngum í skólanum á ári.

Æskileg hegðun og félagsfærni

Við leggjum áherslu á að kenna æskilega hegðun og félagsfærni með því að veita æskilegri hegðun athygli á kostnað óæskilegrar hegðunar. Okkar markmið er að efla börn í að þróa með sér sjálfstjórn og sjálfsaga og aðstoða þau við að læra af mistökum sínum.

Athyglisþjálfun og styrkleikar

Í skólanum fá börn þjálfun í að efla athygli sína og styrkleika í gegnum ólík verkefni.

Vinátta - Blær

Verkefnið *vinátta* byggir á því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvætt viðhorf til allra í hópnum. Hugmyndafræðin endurspeglast í eftirtöldum fjórum gildum: umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki.

Leikskóladeildin

Skólaárið 2021-22 verða fimm kennslusvæði sem tilheyra leikskóladeildinni. Öll nemendasvæði í skólanum heita eftir fellum og fjöllum í nágrenni skólans. Nemendur heimsækja sitt fell einu sinni á ári og kynnast þannig fellum og fjöllum í sínu nærumhverfi. Svæði leikskóladeildarinnar heita Bæjarfell, Æsustaðafjall, Helgafell, Lágafell og Sauðhóll. Elstu börnin eru á svæði sem bera nafn hæsta fellsins og þau yngstu eru á svæði sem ber nafn Sauðhóls sem er lægsta "fellið". Bæjarfell er staðsett á neðri hæð skólans þar sem elstu börnin eiga sitt heimasvæði þetta skólaár. Svæði 5 og 6 ára barna eru samliggjandi og samvinna er á milli árganganna.

Aðlögun barna

Aðlögun er alltaf einstaklingsbundin og skipulögð í samstarfi foreldra og teymisstjóra. Skólinn leggur ákveðnar línur til grundvallar en foreldrar þurfa að ætla sér u.þ.b. eina viku í aðlögun barna. Ágætt er að gera ráð fyrir að heildaraðlögun barnsins geti tekið nokkrar vikur eða þar til barnið er orðið öruggt í skólanum. Börn sem eru vön að vera í vistun yfir daginn eru oftast fyrr að aðlagast en þau sem eru óvön, þó að það sé einstaklingsbundið.

Í Helgafellsskóla höfum við eftirfarandi áætlanir til viðmiðunar í aðlögun barna:

Aðlögun 2ja-4ra ára barna:

Dagur 1: Barnið kemur í fyrstu heimsókn með foreldrum í eina klukkustund, kl. 9-10.

Dagur 2: Barnið kemur í 2 klst, kl. 9-11. Foreldri skreppur frá stutta stund.

Dagur 3: Barnið kemur á umsömdum vistunartíma og dvelur 3-4 klst. Borðar hádegismat í skólanum. **Foreldri fær kynningu á skólanum** og skeppur frá í 1-2 klst.

Dagur 4: Barnið kemur á umsömdum vistunartíma og dvelur 3-4 klst. Barnið borðar hádegismat í skólanum. **Foreldri fær fund með teymisstjóra** og skeppur frá 2-3 klst.

Dagur 5: Styttri dagur sem skipulag veltur því á hvernig fyrstu dagarnir hafa gengið, sum börn þurfa lengri aðlögun á meðan önnur börn eru tilbúin. Áframhaldið er metið í samráði við teymisstjóra. Gott er að sækja barnið fyrr, fyrstu daga þess í skólanum.

Aðlögun 5 ára barna:

Dagur 1: Barnið kemur í fyrstu heimsókn með foreldrum í eina klukkustund, kl 9-10.

Dagur 2: Barnið er í skólanum frá kl. 9-11:30, fram að hádegismat. **Foreldrar fá kynningu á skólanum og skreppa frá.**

Dagur 3: Barnið kemur á umsömdum vistunartíma og dvelur fram yfir hádegi.

Dagur 4: Styttri dagur þar sem foreldrar fylgja barninu í byrjun og lok dags.

Framhaldið veltur á því hvernig fyrstu dagarnir hafa gengið, sum börn þurfa lengri aðlögun á meðan önnur börn eru tilbúin. Gott er að sækja barnið fyrr, fyrstu daga þess í skólanum. **Foreldrar fá samtal við teymisstjóra.**

Með aðlöguninni er lagður hornsteinn að góðu samstarfi foreldra og starfsfólks skólans. Það er mikilvægt að góð samvinna takist strax í byrjun og að gagnkvæmur trúnaður og samvinna ríki, sem er forsenda þess að barninu líði vel. Ef breytingar verða á aðstæðum eða líðan barns heima eða í skólanum er mikilvægt að koma skilaboðum á milli því oft geta lítil atvik í lífi barns valdið breytingum á hegðun þess. Börnum gengur almennt betur ef samvinna skóla og foreldra er góð og hegðunarvandamál gera síður vart við sig.

Athugið að allt starfsfólk skólans er bundið þagnarskyldu og þær upplýsingar sem starfsmenn fá um börn eru trúnaðarmál. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

Daglegt starf

Daglegt starf markast af föstum athöfnum sem miða að því að sinna líkamlegum og andlegum þörfum barnanna. Leikurinn er aðal náms- og þroskaleið leikskólabarna og við leggjum áherslu á að gefa honum tíma og rými í dagsskipulaginu. Lögð er áhersla á hlýju, öryggi, tillitssemi og virðingu í samskiptum barna á milli og á milli starfsfólks og barna.

Í Helgafellsskóla er lögð áhersla á að hafa skipulag þannig að það ýti undir sjálfstæði og frelsi barna. Við viljum biðja ykkur um að senda börnin í skólann í fötum sem þola óhreinindi þar sem skólinn er vinnustaður barnanna og viðkvæmur fatnaður getur skemmst.

Komur og brottfarir.

<u>Nauðsynlegt er að láta starfsfólk vita þegar komið er með barnið í skólann og að sama skapi þegar barn er sótt.</u> Ef aðrir en foreldrar sækja barnið í skólann ber að láta starfsfólk vita. Aldurstakmark þeirra sem sækja barn á leikskólaaldri í skóla er tólf ára samkvæmt reglum frá Umboðsmanni barna og Mosfellsbæ. Við miðum við að börn sem verða tólf ára á árinum megi sækja yngri börn í skólann.

Kveðjustundir í fataklefa

Ef kveðjustundir verða of langar getur það skapað óöryggi hjá barninu sem veit ekki nákvæmlega hvort mamma eða pabbi ætla að fara eða ekki. Vegna þessa hvetjum við foreldra til að hafa kveðjustundir stuttar, öruggar en fullar af trausti. Munum að kveðjustundin lengir ekki jákvæða samveru fjölskyldunnar heldur lengir á skilnaðarstund sem getur verið barninu erfið. Foreldrum er þó að sjálfsögðu velkomið að spjalla við starfsfólk þegar tækifæri gefst.

Leikföng og hlutir að heiman

Öll leikföng og hlutir að heiman eiga að vera heima. Ef barn kemur með hlut að heiman skapar það bæði óþægindi og truflun fyrir börn og kennara. Gott er að barnið venjist því strax í byrjun að leikföng og hlutir eigi að vera heima en börnum er þó alltaf velkomið að taka bók með í skólann.

Svefn og hvíld

Svefn og hvíld er barni nauðsynleg, ekki síst á fyrstu árum ævinnar þegar vöxtur og þroski er sem mestur. Þreytt barn á erfitt með að takast á við daginn í skólanum. Hvíldartími er eftir hádegismatinn þar sem allir eiga rólega stund saman, ýmist sofandi eða vakandi. Börn sem sofa í skólanum, fá að sofa í það minnsta til kl. 13.

Samverustundir eru daglega. Þar fer fram málörvun, spjall, söngur, lestur, leikir o.fl.

Við leggjum mikla áherslu á **lestur** og lesum daglega fyrir börnin. Við hvetjum foreldra jafnframt til að lesa fyrir börnin daglega heima.

Í hópatímum vinna börnin að skipulögðum verkefnum í aldursskiptum hópum.

Útivera er daglega. Börnin þurfa að vera tilbúin til að fara út í hvaða veðri sem er í klæðnaði sem hæfir veðri á hverjum tíma.

Söngur er daglega og sameiginleg söngstund er vikulega. Þá safnast deildirnar saman og syngja m.a. óskalög frá öllum aldurshópum. Í söngstundinni er einnig sungið fyrir afmælisbörn vikunnar.

Afmæli barnanna

Afmælisbarnið er með íslenska fánann á borðinu hjá sér í matmálstímum og skreytir afmæliskórónu sem það fær með sér heim. Eldri börnin segja eitthvað fallegt við afmælisbarnið og afmælisbarnið fær skjal heim með fallegum ummælum frá vinum sínum.

Afmælisboðskort

Einungis er leyfilegt að dreifa afmælisboðskortum í skólanum ef bjóða á öllum börnum á deild barnsins eða öllum stúlkunum/drengjunum.

Foreldraviðtöl

Þegar barn hefur skólagöngu sína í Helgafellsskóla eru foreldrar boðaðir í viðtal hjá teymisstjóra á aðlögunartímanum en foreldraviðtöl eru auk þess að hausti og annað að vori. Foreldrar geta auk þess óskað eftir viðtali/símtali hvenær sem þörf er á og skólinn getur einnig óskað eftir að fá foreldra á sinn fund ef ástæða þykir til.

Veikindi

Veikindi ber að tilkynna í skólann og gott er að miða við að börn séu <u>hitalaus heima í einn til tvo daga eftir veikindi</u>. Algengt er að börn sem ekki hafa áður verið í dagvistun fái fjölmargar pestir fyrstu mánuði eftir að þau hefja skólagöngu. Nauðsynlegt er að barnið jafni sig vel af veikindum sínum heima og mæti aftur frískt í skólann svo það geti tekið þátt í allri daglegri starfsemi, jafnt úti sem inni.

Lyfjagjöf

Lyf eru ekki gefin í skólanum nema í neyðartilfellum. Vinsamlega reynið að stýra lyfjagjöf þannig að hún fari fram heima.

Ofnæmi/óþol
Ef barn er með fæðuofnæmi eða óþol þarf að skila inn vottorði frá lækni.

Slys og óhöpp. Slys og óhöpp geta alltaf átt sér stað. Ef slíkt kemur fyrir, höfum við strax samband við foreldra svo að unnt sé að fara með barnið til læknis ef þörf krefur.

Barnavernd. Lögum samkvæmt ber okkur að tilkynna hvers konar vanrækslu eða misnotkun til Barnaverndar. Tilkynning okkar er alltaf undir nafni skólans.

Hvað þarf barnið að hafa meðferðis

Útifatnað
Velja þarf föt eftir árstíma og veðurfari.

- húfu og/eða lambhúshettu
- tvö pör af vettlingum - lopavettlingar og pollavellingar eru bestir fyrir kaldar hendur.
- ullarsokka
- flís- eða ullarpeysu
- hlýjar buxur
- kuldagalla
- pollagalla
- kuldaskó
- stígvél
- strigaskó eða aðra létta skó þegar hlýna fer í veðri.

Auka föt (sem geyma má í auka fata körfu í fataklefa).

- nærbol
- nærbuxur
- sokkabuxur eða gammosíur
- peysu
- buxur
- sokka

Fara þarf reglulega yfir útifatnað og auka föt og passa að allt sé merkt barninu.

Æskilegt er að foreldrar komi með **fjölnota poka** til að taka heim blaut og/eða skítug föt þar sem við bjóðum ekki upp á plastpoka undir slíkt. Mikilvægt er að fara reglulega í yfir auka föt til að vera viss um að fötin passi á barnið þegar á þarf að halda. Gott er fyrir börnin að hafa inniskó í skólanum. Á mánudögum er gott að koma með fatnað fyrir vikuna, taka töskuna með heim og koma með á föstudegi til að tæma fatahólf á föstudögum.

Nauðsynlegt er að merkja allan fatnað

Á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is má finna upplýsingar um þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir í leikskólum. Þar má meðal annars finna upplýsingar um verðskrá, breytingu á dvalartímum, afslætti fyrir einstæða foreldra, öryrkja og námsmenn sem er hægt að sækja um inn á íbúagátt, *mínar síður*.
Þar má einnig finna upplýsingar um foreldrasamstarf og annað sem foreldrar geta nýtt sér í tengslum við dvöl barns þeirra í skólanum.

Karellen

Í Helgafellsskóla notum við skráningarforritið Karellen og því er nauðsynlegt fyrir foreldra að hlaða niður Karellen smáforritinu. Þar skráum við viðveru barnanna, sendum myndir, skráum svefn og máltíðir yngstu barnanna auk þess að koma skilaboðum til foreldra. Foreldrar hafa einnig aðgang að vefsvæði Karellen sem geymir m.a. allar myndir sem teknar eru af barninu í skólanum og foreldrar geta þar hlaðið myndum niður til eignar. Mikilvægt er að foreldrar fylgist með Karellen daglega og noti Karellen til að koma mikilvægum skilaboðum áleiðis til skólans, sömuleiðis til að tilkynna leyfi eða veikindi barns. Nánari upplýsingar um Karellen má finna í kynningu fyrir foreldra.
uppl til foreldra.pdf

Með ósk um gott samstarf
Starfsfólk Helgafellsskóla